

Reykjavík, 1. október 2018

Ágæti viðsemjandi.

Nú standa fyrir dyrum kjaraviðræður vegna endurnýjunar almennra kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins og aðildarféлага ASÍ. Sama á við um tugi sérkjarasamninga og vinnustaðasamninga. Samningarnir taka til á þriðja þúsund aðildarfyrirtækja samtakanna og til 110 þúsund starfsmanna þeirra á almennum vinnumarkaði. Miklu máli skiptir fyrir atvinnulífið og launafólk að vel takist til.

Með bréfi þessu vilja Samtök atvinnulífsins lýsa þeim áskorunum sem samtökin telja mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins hugi að í komandi kjaraviðræðum og óska eftir formlegum viðræðum um neðangreind atriði.

Samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja

Styrking íslensku krónunnar hefur haft jákvæð áhrif á verðlag og stuðlað að mun meiri kaupmáttaraukningu launafólks en samningsaðilar reiknuðu með. Sterk króna hefur hins vegar haft neikvæð áhrif á fyrirtæki í útflutningi og í atvinnugreinum sem keppa við innfluttar vörur og þjónustu. Miklar launahækkanir undanfarin misseri hafa dregið úr samkeppnishæfni fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni. Raungengi er einfaldur og skýr mælikvarði á samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Á tímabilinu frá fyrra árs helmingi 2015 til fyrra árs helmings 2018 hækkaði raungengi á mælikvarða launa um 55% og á mælikvarða verðlags um 31%. Í þessu felst að launakostnaður á Íslandi hækkaði um 55% umfram erlenda keppinauta og innlent verðlag um 31% umfram verðlag í viðskiptalöndunum, allt mælt í sameiginlegri mynt. Það er fordæmalaust að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs versni jafn mikið jafn á skömmum tíma og við því þarf að bregðast í komandi kjarasamningum.

Lág verðbólga og lágir vextir

Að mati Samtaka atvinnulífsins eru aðstæður og horfur í efnahagsmálum þannig að óhjákvæmilegt er að hækkun launa skili sér í herra verðlagi, að því marki sem ekki er hægt að mæta kostnaðarhækkunum með hagræðingu sem einkum felst í fækkun starfsmanna. Fyrirtækin og starfsmenn þeirra eiga mikið undir því að verðbólgan fari ekki á flug með tilheyrandi kostnaðar- og vaxtahækkunum. Háir vextir hafa áhrif á getu fyrirtækjanna til að greiða laun og draga úr fjárfestingum og atvinnusköpun. Kröfur um launahækkanir hafa áhrif á verðbólguvæntingar og ákvarðanir um stýrivexti Seðlabankans.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að breytingar launa í komandi kjarasamningum verði í samræmi við markmið um stöðugt verðlag og lækkun vaxta. Bæta má lífskjör og starfsánægju með öðru en beinum launahækkunum og lýsa Samtök atvinnulífsins því yfir vilja til að ræða ýmis sameiginleg áherslumál aðila sem fram hafa komið undanfarin misseri og m.a. endurspeglast í bókunum kjarasamninga.

Aðgerðir á fasteignamarkaði

Að mati Samtaka atvinnulífsins geta aðgerðir til að auka framboð á hagkvæmu húsnæði bætt stöðu tekjulágra á vinnumarkaði og greitt fyrir farsælli niðurstöðu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Framboð íbúða er ekki nægjanlegt og mikilvægt að aðilar vinnumarkaðar þrýsti á um lækkun byggingakostnaðar, einföldun regluverks skipulagsyfirvalda og aukið framboð lóða. Launahækkun leysir augljóslega ekki vandann og gæti jafnvel aukið hann með því að stuðla að hækkun húsnæðisverðs. Þá er húsnæðisvandinn ekki almennur heldur bundinn við höfuðborgarsvæðið og afmarkaða hópa, einkum tekjulága og erlent starfsfólk. Aðgerðir miði að því að tryggja þessum hópum aðgang að húsnæði - bæði til leigu og eignar - og að aðilar vinnumarkaðar vinni saman að því markmiði á kjarasamningstímabilinu.

Aukinn sveigjanleiki og fjölskylduvænn vinnumarkaður

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á aukinn sveigjanleika, m.a. svo foreldrar eigi auðveldara með að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf. Forsenda þess er að kjarasamningar styðji við óskir um sveigjanlegri vinnutíma. Samtök atvinnulífsins telja því nauðsynlegt að ræða breytingar á skilgreindu dagvinnutímabili í kjarasamningum, uppgjörstímabili yfirvinnu, álagsgreiðslum og öðrum þáttum sem áhrif hafa í þessum efnum.

Breytingar í þá veru munu stuðla að auknum hlut dagvinnulauna í heildarlaunum og hafa áhrif á mun á heildarlaunum karla og kvenna, en þekkt er að karlar hafa umtalsvert hærri heildarlaun en konur sem að stórum hluta má rekja til meiri yfirvinnugreiðslna.

Samanburður milli Íslands og annarra ríkja, þ.á.m. annarra Norðurlanda, sýnir mjög miklar yfirvinnugreiðslur hér á landi. Í mörgum ríkjum eru yfirvinnugreiðslur hverfandi en á Íslandi er hlutfall þeirra af grunnlaunum 40%. Þessi staða verður ekki rakin til annars en uppbyggingar kjarasamninga.

Aukin framleiðni með nýrri nálgun

Samstaða er um nauðsyn þess að auka framleiðni á íslenskum vinnumarkaði. Með betra skipulagi og sveigjanlegri vinnutíma munu bæði fyrirtæki og starfsmenn þeirra hagnast. Hægt væri að stytta heildarvinnutíma og gera vinnumarkaðinn fjölskylduvænni á sama tíma og rekstur fyrirtækja yrði hagkvæmari.

Framleiðniaukningu í íslensku atvinnulífi má að stærstum hluta rekja til fjárfestinga fyrirtækja og hugvits starfsfólks. Breytingar á vinnutímaákvæðum kjarasamninga, m.a. upptaka „virks vinnutíma“, getur einnig haft í för með sér bætt skipulag á vinnustöðum og aukna framleiðni. Virkur vinnutími er sá mælikvarði á vinnutíma sem aðrar þjóðir byggja á og er skilgreindur sem sá tími starfsmanna sem er vinnuveitendum þeirra til ráðstöfunar. Í því felst að neysluhlé, einkum svokallaðir kaffitímar, teljast ekki til vinnutíma. Breytingunni er ætlað að koma af stað umræðu innan vinnustaða um skipulag vinnutíma, jafnt fyrirtækjum sem starfsmönnum þeirra til hagsbóta. Bætt skipulag getur leitt til styttri heildarvinnutíma og fjölskylduvænni vinnumarkaðar.


Samábyrgð vegna einstaklinga með skerta starfsgetu

Samtök atvinnulífsins hafa verulegar áhyggjur af fjölgun þeirra sem ekki snúa aftur á vinnumarkað eftir slys, veikindi eða önnur áföll. Það hefur mikil áhrif á tekjur fólks og afkomu fjölskyldna þeirra auk þess sem kostnaður samfélagsins og lífeyrissjóða er mikill. Mikilvægt er að skoða hvort kjarasamningar, þ.m.t. ákvæði um veikindarétt, vinni gegn því að starfsmenn geti snúið aftur til starfa. Fram hefur komið í nýlegri könnun meðal vinnuveitenda að helsta hindrunin við ráðningu fólks með skerta starfsgetu er ótti þeirra við miklar veikindalaunagreiðslur. Að mati Samtaka atvinnulífsins getur samvinna atvinnurekenda, sjúkrasjóða stéttarféлага, Virk og Sjúkratrygginga Íslands greitt götu einstaklinga með skerta starfsgetu og dregið úr fjárhagslegri áhættu vinnuveitenda þeirra.

Kjaraviðræður snúast um líf skjör fólks og jákvæða þróun samfélagsins. Forsenda bættra kjara er samkeppnishæft atvinnulíf og jákvætt samstarf allra aðila á vinnumarkaði. Fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins óskum við eftir viðræðum við viðsemjendur um ofangreind atriði.



Eyjólfur Árni Rafnsson
formaður



Halldór Benjamín Þorbergsson
framkvæmdastjóri